

**Starfsleyfi fyrir
urðun lífræns úrgangs í landi Rima
frá fiskeldi í Mjóafjarðahreppi
Kt. 460269-1139**

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða: lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku og urðun á fiskúrgangi frá sjókvíaeldi Sæsilsfurs hf. í landi Rima í Mjóafirði, kt. 460269-1139.

Komi nýr aðili að rekstri staðarins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Mjóafjarðarhreppur er hér eftir nefndur rekstraraðili.

1.2. Umfang starfsemi

Heimilt er að urða allt að **450 tonn af lífrænum úrgangi á ári frá fiskeldi** í landi Rima í Mjóafjarðahreppi. Óheimilt er að taka á móti heimilisúrgangi og spilliefnum til förgunar. Þær tegundir úrgangs sem má urða á urðunarstaðnum eru eftirfarandi:

- a. Úrgangur frá fiskeldi sem flokkaður er sem hættulítill og er í flokki 02 01 02 í I. viðauka reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Komi upp massadauði í fiskeldi í Mjóafjarðarhreppi er einnig heimilt að urða lífrænan úrgang sem fellur þannig til, en þá skal í kjölfarið fara fram endurskoðun á starfsleyfinu sbr. gr. 1.8.

1.3. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal upplýsa notendur um möguleika á endurnýtingu úrgangs. Í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukna endurnýtingu úrgangsefna, skal rekstraraðili vinna markvisst að nýtingu úrgangs, t.d. með orkuvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Ef endurvinnslumöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er.

1.4. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun, sbr. ákvæði greinar 3.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Slík atvik skal tilkynna til Umhverfisstofnunar sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þegar hætta er á bráðamengun.

1.5. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

1.6. Gangsetning/stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að urðunarstaðurinn hafi verið tekinn í notkun aftur ef förgun úrgangs hefur legið niðri í meira en mánuð. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun, sbr. ákvæði greinar 3.5, um meðhöndlun úrgangs ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins.

1.7. Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarsvæðis, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi samkvæmt starfsleyfi þessu lýkur, skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 738/2003, og annarra laga og reglugerða eftir því sem við á, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur og landnotkun skal vera með þeim hætti að endanlegur frágangur falli sem best að núverandi landslagi. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðisins skal liggja fyrir ekki seinna en starfsleyfi þetta rennur út.

1.8. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfi þetta að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Verði mengun af völdum starfseminnar meiri en búast mátti við, fram koma nýjar reglur um mengunarnarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Meðhöndlun spilliefna

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar.

2.2. Daglegur frágangur á urðunarstað

Þekja skal allan úrgang að lokinni urðun við lok hvers dags. Verði vart við meindýr á borð við rottur eða fugla skal koma í veg fyrir að þau taki sér bólfestu á urðunarsvæðinu.

2.3. Endanlegur frágangur urðunarreinar

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst eins metra (1 m) þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af urðunarreinunum, en sígi ekki ofan í úrganginn.

2.4. Um yfirborðsvatn og grunnvatn

Urðunarstaðurinn skal þannig staðsettur og hannaður að yfirborðsvatni sé beint frá urðunarstaðnum og grunnvatn sé ekki til staðar. Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn.

2.5. Um sigvatn

Þar sem sigvatn safnast undan urðunarstað skal það leitt um hriplag í olíu/fitugildru, setþró og malar-eða mósíu eða siturlögn.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS OG VÖKTUN

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

- Magn og gerð úrgangs sem urðaður er.
- Tæmingu hreinsibúnaðar fyrir sigvatn og förgun þess úrgangs.
- Mengunaráhöpp og viðbrögð við þeim.
- Veðurupplýsingar frá verðurathugunarstöðinni á Dalatanga.

Rekstraraðili skal taka saman framangreindar upplýsingar og senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert.

3.2. Eftirlitsmælingar

Fylgst skal með magni mengunarefna í sigvatn og/eða grunnvatni í samráði við eftirlitsaðila. Rekstraraðili skal hafa samráð við Umhverfisstofnun um mögulega staðsetningu og útfærslu sýnatökuaðstöðu á fyrsta starfsári starfsleyfis.

3.3. Samráðsfundur

Rekstraraðili skal á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Aðilar geta þó boðið oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

3.4. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

3.5. Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðarins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun.

3.6. Aðgangur eftirlitsaðila að skráningum

Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að niðurstöðum mælinga og skráninga, sbr. gr. 3.1 og 3.2.

3.7. Annað

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd eftirlitsmælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir. Niðurstöður mælinga skal senda Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd þegar þær liggja fyrir.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarfærslu, flyst það til viðkomandi aðila undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi urðunarstaðarins veldur, svo sem myndun sigvatns.

4.2. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

4.3. Umhverfi

Halda skal athafnasvæðinu snyrtilegu. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður og hann girtur með fjárheldri girðingu. Hlið skulu vera lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Fara skal þannig með fiskúrganginn við flutning og förgun að tryggt sé að hann valdi hvergi óprifnaði eða ónæði, svo sem ólykt.

4.4. Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strands.

4.5. Verktakar

Verktakar sem annast verk fyrir rekstraraðila við meðhöndlun úrgangs skulu hafa tilskilin leyfi.

4.6. Annað

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt tiltækt í vinnuaðstöðu starfsmanna.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. flokk skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 1. febrúar 2017.

Reykjavík 30. janúar 2006

Umhverfisstofnun

